Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

18. Árg. 2 tbl. mars 2021

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja verður haldinn í Árnesi þriðjudaginn 30. mars kl. 19.30. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Göngunefnd Kvenfélags Gnúpverja hvetur fólk til gönguferða og stendur fyrir gönguferðum á þriðjudögum kl. 17.00. Er lagt af stað frá Neslaug í Árnesi og allir velkomnir með.

Öskudagsball Þjórsárskóla – 7. Bekkingar stjórnuðu leikjum og dansi

Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða og Gnúpverjahrepps
Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson Umsjón: Hrönn Jónsdóttir

Á sveitarstjórnarfundi þann 3. mars var samþykktur leigusamningur um rekstrarleigu á Félagsheimilinu Árnesi, Nónsteini og Tjaldsvæði í Árnesi á milli sveitarfélagsins og Árnes ferðaþjónustu á Íslandi ehf.

Skagfirðingurinn Þórður Guðni Ingvason og Mýrdælingurinn Hrönn Brandsdóttir reka fyrirtækið Árnes ferðaþjónusta á Íslandi ehf og fengum við smá kynningarbréf frá þessum nýbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps:

Allt hefst þetta á því að sumarið 2017 komum við með sumarbústað á Flatirnar. Hér þótti okkur mjög gott að vera og vorum dugleg að koma. Í rúm 9 ár bjuggum við saman á Sauðárkróki en fluttum svo á Álftanes 2016. Borgarlífið á ekki vel við okkur svo það var gott að komast í sveitaloftið.

Þar sem Þórður hefur lengst af unnið sem bílamálari, ákvað hann að sækja um lóð til að fara út í svipaðan rekstur hér. Hann hefur líka verið með puttana í ferðaþjónustu, haft mikinn áhuga á því ásamt veitingarekstri. Hann sá auglýst eftir hugmyndum að notkun Nónsteins svo hann sótti um að fá húsið til áframhaldandi gistingarreksturs. Hann vissi líka að það vantaði einhvern til að sjá um rekstur tjaldsvæðisins og félagsheimilisins og ákvað að sækja um það líka. Þegar samningar gengu í gegn létum við slag standa og ákváðum að flytja okkur hingað með börnin okkar 3, Lilju Dögg f. 2004, Viktor Smára f. 2007 og Önnu Pálínu f. 2014. Sjáum við alls ekki eftir þessum flutningum þar sem okkur líður öllum mjög vel hér og ánægð með hvað við höfum fengið góðar móttökur.

Hafin er uppbygging á 500m^2 iðnaðarhúsnæðis að Tvísteinabraut 4 þar sem settur verður upp fullkominn sprautuklefi fyrir bíla og tæki. Ætlunin verður að
þjónusta sem flest sem viðkemur bílum og tækjum.

Nú er unnið að því að sandblása og mála bitana svo hægt sé að púsla húsinu saman

Næg verkefni bíða okkar fyrir sumarið þar sem við þurfum að klára að ditta að Nónsteini. Húsið var þó allt málað að innan síðasta vor, settar nýjar rúður og löguð ýmis atriði til að uppfylla rekstarleyfi. Fyrir sumarið stendur til að lagfæra að utan, hús sem lóð. Ef allt gengur upp er aldrei að vita nema ráðist verði í uppbyggingu á stærra gistirými. Síðasta sumar heimsóttu mjög margir íslendingar okkur á tjaldsvæðið. Við sáum að þar þarf að gera endurbætur, bæði stækka svæðið, bæta við hreinlætisaðstöðu og leiktæki. Svæðið bíður uppá svo marga kosti, veðursæld, sundlaug og verslun í göngufæri og stutt í margar náttúruperlur. Í félagsheimilinu Árnesi opnuðum við veitingastaðinn Brytann. Þar lögðum við upp með að reyna að nota eins mikið hráefni og við gátum héðan úr héraði og
gekk það vel. Nú er ljóst að hann mun opna aftur í sumar og vonumst við einnig til þess að geta haldið einhverja viðburði í sumar.

Þórður G. Ingvason og Hrönn Brandsdóttir

Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Fréttir frá Þjórsárskóla

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur

Á bolludaginn komu nemendur sem vildu með bollu með sér í skólann og á sprengidaginn var boðið upp á salkjöt og baunir í hádegismat. Nemendur á yngsta stigi fengu fróðleik um þessa daga og nýttu sér þá í ritun. Öskudagurinn var litríkur og skemmtilegur og nemendur og starfsfólk kom í skólann klætt búningum að venju. Fyrst var dagskrá í heimastofum með umsjónarkennurum og síðan tók við ball í Árnesi undir stjórn nemenda í 7. bekk. Þar var mikið fjör í leikjum og dansi og kötturinn var sleginn úr tunnunni. Allir fengu síðan veitingar í boði foreldrafélagsins.

Brunavarnir Árnessýslu

3. bekkur tók þátt í eldvarnargetraun á vegum Brunavarna Árnessýslu og voru tveir þátttakendur dregnir út. Harpa var svo heppin að vera annar þátttakendanna sem dreginn var út og kom Guðmundur frá Brunavörnum Árnessýslu í skólann til þess að veita henni verðlaun. Til hamingju Harpa.

Skákmót

Mánudaginn 1. mars fór fram Suðurlandsmót grunnskóla í skák á Flúðum. Þar tóku þátt 100 nemendur frá 7 grunnskólum. Sveit Þjórsárskóla var skipuð Snorra Ingvarssyni, Vésteini Loftssyni,

Eyþóri Inga Ingvarssyni og Baldri Má Jónssyni. Stóðu þeir sig vel og höfnuðu í 4. sæti, með jafn mörg stig og 3. sætið.

Stóra upplestrarkeppnin

Nú á dögunum var undankeppni upplestrarkeppninnar haldin í skólanum. Þeir nemendur sem munu keppa fyrir hönd skólans eru: Eyþór Ingi Ingvarsson, Vésteinn Loftsson og Baldur Már Jónsson til vara. Það verður gaman að fylgjast með þessum efnilegu drengjum í stóru Upplestrarkeppninni sem haldin verður á Flúðum 14. apríl.

Anna María Flygenring, Anna Kr. Ásmundsdóttir dómarar í upplestrarkeppninni ásamt þeim Baldri Má, Vésteini og Eyþóri Inga og Kjartani íslenskukennara.

Hugleiðingar vegna Hrútmúlavirkjunar

Í fundargerð hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 20. janúar sl. kemur fram að þar hafi mætt fulltrúi Gunnbjarnar ehf ásamt starfsmönnum verkfræðistofunnar EFLU, til að kynna áætlanir Gunnbjarnar um byggingu allt að 85 megawatta vindaflsvirkjunar á jörð félagsins í Skáldabúðum. Á fundinum var lögð fram skýrsla EFLU um tilhögun framkvæmdarinnar, sem nefnd hefur verið Hrútmúlavirkjun og fengið númerið R4304A í Rammaáætlun 4. Í inngangi að skýrslu EFLU segir um tilurð þessa verkefnis og aðkomu sveitarstjórnar: **"Kynning var haldin fyrir sveitarstjóra og sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi þann 24. September 2019 þar sem farið var yfir mögulega tilhögun og næstu skref**". Athygli vekur að þrátt fyrir að hér sé um afar stórkallalega framkvæmd að ræða, sem hafa mun mikil áhrif á ásýnd og framtíðar möguleika íbúa á nágrannajörðum, er efnislega ekkert bókað í fundargerðum sveitarstjórnar um þennan fund og ítreka þurfti beiðni til að fá kynningargögn frá honum. Við nánari eftirgrenslan kemur síðan í ljós að framkvæmdaaðili og sveitarstjórn hafa nú í hátt á annað ár unnið að undirbúningi þessa verkefnis, án nokkurs samráðs við íbúa í nágrenni Skáldabúða.

En lítum ögn á umfang þessarar framkvæmdar áður en lengra er haldið eins og hún birtist í framangreindri skýrslu EFLU. Reisa á allt að 25 150 metra háar vindmyllur. Staðsetning þeirra er á túnum jarðarinnar, allt frá ármótum Kálfár og Skáldabúðakvíslar við jarðarmörk Steinsholts, inn ranann á milli ánna meðfram stærstum hluta jarðarmarka móti Minni-Mástungu, inn fyrir túnin þar sem landið fer hækkandi. Bærinn í Skáldabúðum er í nálægt 230 metra hæð yfir sjó, sem þýðir að spaðar vindmyllanna munu skaga allt upp í 370 til 380 metra hæð. Til samanburðar má nefna að hæsti punktur Hlíðarfjalls, Hlíðarkista, er í 365 metra hæð. Í skýrslunni er leitast við að leggja mat á sýnileika framkvæmdanna, en þar segir m.a. **"Vindmyllur eru sýnilegar frá nokkrum bæjum til suðurs sem eru flestir í 5 km fjarlægð eða meira"**.

Hér er vægast sagt lítið gert úr áhrifum þessara framkvæmda á nágrennið. Myllurnar verða mjög sýnilegar af bæjarhlaði Steinsholts og nánast allt land jarðarinar ásamt Mástungubæjum liggja undir gagnvart þessu auk aðkomu að Laxárdal. Þá munu myllurnar blasa við um austanverðar uppsveitir Árnessýslu og til suðurs niður um Rángárþing.
Í skýrslunni er síðan leitast við að meta hljóðvist í nágrenni framkvæmdanna og dregin sú ályktun að það verði ekki vandamál á nágrannabæjum. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að stór hluti nágrannajarðanna Steinsholts, Laxárdals og Minni-Mástungna er innan áhrifasvæðis hvað þetta varðar og rýrir þar með stöðu þeirra.

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15. apríl 2020 var Gunnbirni ehf veitt heimild til að hefja vinnslu við gerð skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þann 10. júní s.l. var síðan lögð fram skýrsla verkfræðistofunnar EFLU sem innihélt Skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarinnar fyrir vindorkugarð í Skáldabúðum, sem sveitarstjórn samþykkti til kynningar á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010.

Þann 30. september er lögð fyrir sveitarstjórn umsögn Skipulagsstofnunar vegna framangreindrar skipulagslýsingar, þar segir m.a.: **“Eins og áður segir liggur ekki fyrir stefna á lands- eða svæðisvísu um vindorkunýtingu, þ.e. við hvaða aðstæður eða á hvers konar svæðum stefnt skuli að nýtingu vindorku eða hún komi til greina. Því er mikilvægt að sveitarfélagið geri grein fyrir þeim skipulagslegu forsendum sem liggja að baki skipulagsákvörðunum um þetta tiltekna verkefni, sbr. framanlagða lýsingu. Í skipulagstillögu þarf að skýra af hverju sveitarfélagið telur þetta ákjósanlega nýtingu og staðsetningu fyrir vindorkunýtingu og hverjar eru helstu áherslur og markmið sveitarstjórnar með breyttri stefnu um landnotkun”**.

Afgreiðsla málsins er síðan með eftirfarandi hætti: **“Sveitarstjórn samþykkir að vísa þessari lýsingu til höfundar deiliskipulags og taka tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar”**. Ekki verður því betur skilið en sveitarstjórn vísi vinnu við markmiðsetningu sveitarfélagsins í skipulagsmálum vegna vindorkunýtingar til verkfræðistofu á vegum framkvæmdaaðila. Veruleikinn er sá að með framgöngu sinni er sveitarstjórn að setja aðliggjandi jarðir í herkví skipulagsferilsins og framkvæmdaaðila. Verði málinu haldið áfram í þessum farvegi munu ábúendur því knúnir til að verja hendur sínar gagnvart sveitarfélaginu.

Þau mannvirki sem hér um ræðir eiga ekkert skylt við það sem hingað til hefur verið reist í sveitum landsins og munu hafa afdrifarík áhrif á umhverfi sitt, mannlíf og landslag. Slíkar stefnumarkandi ákvarðanir þarfnast því víðtækrar umræðu meðal íbúa og hagsmunaaðila innan sveitarinnar. Það verður þó ekki gert af neinu viti undir þrýstingi eins aðila. Því er hér skorað á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að stöðva nú þegar þá skipulagsvinnu sem í gangi er vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs í Skáldabúðum.

Sigurður Loftsson Steinsholti

Hreyfi áskorun á vordögum.

Það er vor í lofti og á ný fyllumst við af orku. Flest allir eru að kljást við vetrar- og Covid slen þannig að nú er lag að gefa sjálfum sér smá áskorun:
Ganga út einhvern 10-15 mín hring og taka 3x á leiðinni: 5 hnébeygjur, 5 kálfalyftur (upp á tær) og 5 standandi armbeygjur. Armbeygjurnar má gera standandi við tré, vegg eða bekk og ef það er ekkert svoleiðis á leiðinni þá má taka þær þegar heim er komið. Að þessu loknu ættir þú að vera búin/n með 15 stk af hverri æfingu.
Öndum djúpt að okkur og finnum að líkaminn tekur við sér, kannski ekki strax en eftir að hafa gert þetta nokkrum sinnum þá eykst orkan.

Kveðja frá Heilsuálfinum

Hnébeygjur má gera hvort sem er standandi eða með því að setjast rólega niður á bekk, stein eða stól og láta rassinn rétt snerta áður en staðið er upp aftur

Standandi armbeygjur er hægt að hafa mis erfiðar eftir hæð þess sem maður styður sig við…

Kálfalyftur – gott er að styðja sig við eitthvað fyrir aukið jafnvægi .

Leikholtsfréttir í mars 2021

Lífið heldur áfram í Leikholti á Blesastöðum. Við erum mjög ánægð að vera í myglufríu húsnæði en hlökkum samt ofsalega til að fara aftur í Leikholt okkar í Brautarholti, sem vonandi verður um miðjan maí 2021.

Mikið álag hefur verið á starfsfólk Leikholts í vetur og má þar nefna Covid ástand, mygla og veikindi tengd henni, flutningar og þrif vegna myglu, hljóðvist og breytingar vegna annars húsnæðis skapa öðruvísi áreiti en við erum vön. Mig langar að nota þennan fréttamiðil til að hrósa starfsfólkinu í Leikholti fyrir ómetanlegan dugnað og metnað fyrir starfi sínu.

Mig langar líka að minna á að leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntun barna okkar og er mjög mikilvægt stig því þar fer fram mikil menntun, þroski og umhyggja. Verum stolt af flotta leikskólanum okkar, ÁFRAM LEIKHOLT!

Vatn og sjór og allt sem því tengist hefur verið þemað í vetur í starfinu í Leikholti. Börnin eru búin að læra mikið í þessu þema og má þar nefna að t.d. í Hestfjalli (4-6 ára) voru þau að læra um víkinga.

Meðfylgjandi eru myndir af þeim með víkingaskjöld og Hauki sem kom í víkingabúningi. Sjá má líka hugarkort sem börnin í Vörðufelli (2-4 ára) bjuggu til um vatn og sjó.

Sára og István gáfu leikskólanum fiskabúr með öllu tilheyrandi og er það skemmtileg viðbót við þemað og hér er ein mynd af börnum í Heklu (1-2ja ára) að skoða búrið. Við þökkum þeim kærlega fyrir gjöfina.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti,
Elín Anna Lárusdóttir, leikskólastjóri

VATN
Sjór
Bátar
Fiskar
Sjóræningjar
Ísland
Eyja
Fjöll
Sjófuglar
Hvali r
Hákarlar
Selastar
Krabbar
Rusl
Skip
Bátar
Steypireiður

Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja

Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja verður haldinn í Árnesi þriðjudaginn 06. apríl klukkan 20:00. Lagðar verða fyrir fundinn tillögur að lagabreytingum og fylgir tillagan með hér f. neðan.

Aðalfundur fyrir starfsárið 2019

Dagskrá.
1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Lög félagsins
3. Kosningar
Kaffihlé

Aðalfundur fyrir starfsárið 2020

Dagskrá
1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Kosningar
4. Önnur mál

Tillaga að breyttum lögum Búnaðarfélags Gnúpverja
Auglýst fyrir aðalfund 6. apríl 2021

1. **grein:** Félagið heitir Búnaðarfélag Gnúpverja, félagssvæðið er Eystri-Hreppur (Gnúpverjahreppur hinn forni). Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. **grein:** Félagið er meðlimur í Búnaðarsambandi Suðurlands og þar með einnig í Bændasamtökum Íslands samkvæmt gildandi lögum þessara félagasambanda. Félagsmaður getur kosið að standa utan þessara samtaka, skulu þeir þá undanskyldir bæði þeim réttindum og skyldum, þ.m.t kjörgengi, sem af þátttöku félagsins í ofangreindum samtökum hlýst. Skal félagsstjórn halda sérstaka skrá yfir slíka félaga.
3. **grein:** Markmið félagsins er að vinna að alhliða eflingu búskapar og búsetu á félagssvæðinu.
4. **grein:** Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að stuðla að aukinni snyrtimennsku, land- og gróðurvernd, bættri nýtingu ræktarlands, hlunninda, ræktun og aðbúnaði búfjár, með því að ýta undir aukna þekkingu á þessum sviðum. Einnig stuðla að aukinni hagkvæmni búrekstrar, m.a. með samnýtingu tækja og öðrum þeim þáttum sem leitt geta til bættra búskaparhátta á félagsvæðinu. Auk þess eiga hlut að hverju því máli sem til heilla getur orðið fyrir félagsmenn og sveitarfélagið í heild sinni eftir því sem við á.

5. **grein:** Félagar geta þeir einstaklingar orðið, sem þess óska og stunda búrekstur eða aðra tengda starfsemi, á félagssvæðinu. Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda slíkan rekstur í eigin nafni eða annarra. Undir þetta fellur hverskonar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt, og ylrækt. Einnig eftirfarandi stafsemi fari hún fram á félagssvæðinu: nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta, þar með taldri opinberri þjónustu. Félögum er hætt hafa rekstri skal heimil áframhaldandi þátttaka með fullum félagsréttindum. Aðalfundur getur veitt inntöku í félagið manni búsettum utan félagssvæðisins uppfylli hann ákvæði laga félagsins að öðru leiti.
6. **grein:** Aðalfundur ákveður hverju sinni upphæð árgjalda félagsins. Sé félaginu gert að innheimta árgjöld á félagsmenn vegna þátttöku þess í öðrum samtökum, leggjast þau ofan á árgjöld félagsins. Greiði félagsmaður ekki árgjald sitt, glatar hann réttindum sínum í félaginu. Úrsögn úr félaginu skal berast stjórn þess með formlegum hætti fyrir upphaf nýs starfsárs.

7. **grein:** Aðalfundur er æðsta vald félagsins, hann skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Stjórn er þó heimilt að seinka aðalfundi ef knýjandi ástæður liggja fyrir , þó aldrei lengur en til loka nóvember.
Á aðalfundi skal eftirfarandi tekið fyrir.
-Skýrsla stjórnar um starfsemi á liðnu ári.
-Endurskoðaður ársreikningur síðasta árs lagður fram til umræðu og samþykktar
-umræður, tillögur atkvæðagreiðlsur um starfsemi og önnur málefni félagsins
- kosningar samkvæmt 8.gr.
–ákvörðun um þóknun stjórnar og annarra trúnaðarmanna fyrir störf þeirra.
Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála, nema um sé að ræða lagabreytingar. Aðalfundur er löglegur ef a.m.k. meirihluti stjórnarmanna mætir og löglega er til hans boðað. Lögmæt er sú fundarboðun sem birtist félagsmönnum með opinberum hætti a.m.k. viku fyrir fundardag. Aukafund skal halda þegar félagsstjórn telur þess þörf, eða 1/3 félagsmanna óskar þess skriflega við félagsstjórn. Skal þá fundarefni tilgreint sérstaklega.

8. **grein:** Stjórn félagsins skipa þrír menn kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Skal á hverjum aðalfundi kjósa einn mann og ræður hlutkesti fyrstu tvö árin hver úr gengur, en síðan eftir röð. Á hverjum aðalfundi skal kjósa tvo menn í varastjórn og aðra þá trúnaðarmenn sem félaginu ber. Úr jöfnum atkvæðum skal skorið með hlutkesti. Stjórnarmenn geta þeir einir orðið sem eiga lögheimili á félagssvæðinu.

9. **grein:** Stjórnin skiptir með sér verkum, formann, gjaldkera og ritara, fer hún með málefni og skyldur félagsins milli aðalfunda. Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið, skal stjórn fyrir upphaf hvers starfsárs ráða löggiltan endurskoðanda vegna reikninga félagsins komandi ár. Stjórn heldur gjörðabók, þar skulu skráðar fundargerðir og allar þær ákvarðanir er félagið varðar. Formaður leiðir starf stjórnar, boðar til funda og er málsvari félagsins út á við.

10. **grein:** Verði félagið lagt niður skulu sjóðir þess eftir uppgjör skulda, varðveittir hjá Sveitarstjórn félagssvæðisins. Sjóðinn skal ávaxta með traustum hætti, í 10 ár. Rísi samsvarandi félag/búnaðarfélag á starfssvæðinu innan þess tíma falla eignir þess því til ráðstöfunar. Að þeim tíma liðnum skal sveitarstjórn ráðstafa sjóðnum til framfaramála á sviði landbúnaðar innan félagssvæðisins.

11. **grein**: Lögum þessum verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi og þá með samþykki 2/3 atkvæða fundarmanna. Tillögur um breytingar á lögum skulu fylgja fundarboði. Breytingar á lögum skulu sendar Búnaðarsambandi Suðurlands til staðfestingar. Færa skal lögin, í heild, í gerðabók félagsins hvert sinn er lagabreyting fer fram.

Heilsueflandi Uppsveitir – lífshlaupið

Íþrótta og Ólympíusamband Íslands stendur á ári hverju fyrir landskeppni í hreyfingu sem kallast Lífshlaupið. Verkefnastjóri Heilsueflandi uppsveita hefur att saman starfsstöðvum innan uppsveitanna og haldið utanum þá keppni.
Hér má sjá helstu niðurstöðu keppninnar í ár:

- Í ár tóku 14 vinnustaðir/starfsstöðvar þátt í uppsveitar útfærslunni af Lífshlaupinu. Hjá okkur snýst það um að virkja sem flesta og að allir geti verið með á sinn hátt. Allt hjálpar, bæði fyrir heilsu hvers og eins og fyrir vinnustaðinn.
- Í ár voru með fulltrúar allra uppsveitar-sveitarfélaganna; allir grunnskólarnir, flestir leikskólarnir, bæði Heilsugæslan í Laugarási og skrifstofa UTU.
- Í Skeiða- og Gúpverjahrepp tóku þrjár starfsstöðvar þátt: Þjórsárskóli, Leikholt og Árnes (með starfsmönnum eldhúss, sundlauga og áhaldahúss).
- Á þeim vinnustöðum sem taka þátt þá erum við að virkja að meðaltali 74% starfsmanna, og er það þó nokkur hækkun frá í fyrra (56%)

Þeir vinnustaðir sem voru í þremur efstu sætunum (heildarhreyfing/heildar starfsmannafjölda):

Nr. 1 Íþróttahúsið á Laugarvatni (208 mín/viku á hvern starfsmann)
Nr. 2 Leikskólinn Leikholt (191 mín/viku á hvern starfsmann)
Nr 3. Skrifstofa Bláskógabyggðar (190 mín/viku á hvern starfsmann)

Ballhaldarar á öskudagsballi Þjórsárskóla

Vörðufellsbörn (2-4 ára) úti í stórfiskaleik